

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Zimbabwe, nr. 744/2015.

#### 1. gr.

##### *Almenn ákvæði.*

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Í þeim gerðum sem vitnað er til í 2. gr., og öðrum ákvæðum reglugerðar þessarar, kemur fram um hvaða ályktun er að ræða, hverjar þær þvingunaraðgerðir sem koma eiga til framkvæmda eru og gegn hverjum þær beinast, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

#### 2. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.17 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/383 frá 17. febrúar 2026 um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe, sbr. fylgiskjal 1.17.

2.24 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/384 frá 17. febrúar 2026 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 314/2004 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe, sbr. fylgiskjal 2.24.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, sem vísað er til í framangreindum gerðum, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur listanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 68/2023.

#### 3. gr.

##### *Viðurlög.*

6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hver sá sem brýtur gegn þvingunaraðgerðum skv. lögum nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna skal sæta viðurlögum skv. 37. gr. laganna, nema þyngri viðurlög liggja við samkvæmt öðrum lögum.

#### 4. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytinu, 19. mars 2026.*

**Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal 1.17.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/383**

frá 17. febrúar 2026

**um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir  
með tilliti til ástandsins í Zimbabwe**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 15. febrúar 2011 samþykkti ráðið ákvörðun 2011/101/SSUÖ (1) sem varðar þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe.

2) Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2011/101/SSUÖ telur ráðið að fella ætti brott ákvæðin um ferðabann og frystingu eigna, sem og tengt bann við að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan, og að breyta ætti titli ákvörðunarinnar til að endurspeglja þá staðreynd að ramminn felur nú aðeins í sér vopnasölubann.

3) Ráðið telur að framlengja ætti ákvörðun 2011/101/SSUÖ til 20. febrúar 2027. Ráðið ætti að halda áfram að fylgjast með stöðunni í stjórnámum og öryggismálum í Zimbabwe og hafa aðgerðirnar til stöðugrar endurskoðunar í ljósi þróunar.

4) Því ætti að breyta ákvörðun 2011/101/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2011/101/SSUÖ er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

**„Ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÖ frá 15. febrúar 2011 um vopnasölubann með tilliti til ástandsins í Zimbabwe“.**

2) Ákvæði 4.-7. gr. falla brott.

3) Í stað dagsetningarinnar „20. febrúar 2026“ í 2. mgr. 10. gr. kemur „20. febrúar 2027“.

4) Ákvæði I. viðauka falla brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2026.

*Fyrir hönd ráðsins,**forseti*

M. KERAVNOS

(1) Ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÖ frá 15. febrúar 2011 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe ([Stjtið. ESB L 42. 16.2.2011. bls. 6](#), ELI: [https://data.europa.eu/eli/dec/2011/101\(1\)/oj](https://data.europa.eu/eli/dec/2011/101(1)/oj)).

**Fylgiskjal 2.24.**

**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/384**

**frá 17. febrúar 2026**

**um breytingu á reglugerð (EB) nr. 314/2004 um þvingunaraðgerðir  
með tilliti til ástandsins í Zimbabwe**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/383 frá 17. febrúar 2026 um breytingu á ákvörðun 2011/101/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 <sup>(2)</sup> koma til framkvæmda ýmsar aðgerðir sem kveðið er á um með ákvörðun 2011/101/SSUÖ <sup>(3)</sup>.

2) Hinn 17. febrúar 2026 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/383 sem felldi úr gildi ákvæðin um ferðabann og frýstingu eigna, sem og tengt bann við að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan, og breytti titli ákvörðunar 2011/101/SSUÖ til að endurspeglar þá staðreynd að ramminn felur nú aðeins í sér vopnasölubann.

3) Aðgerðirnar sem kveðið er á um í ákvörðun 2011/101/SSUÖ falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Lagasetning á vettvangi Sambandsins er því nauðsynleg til að koma í framkvæmd ákvörðun 2011/101/SSUÖ, eins og henni var breytt með ákvörðun (SSUÖ) 2026/383, einkum til að tryggja sé að henni sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum.

4) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 314/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 314/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„Reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 frá 19. febrúar 2004 um vopnasölubann með tilliti til ástandsins í Zimbabwe“.

2) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði b- til e-liðar falla brott.

b) Eftirfarandi liðum er bætt við:

„f) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem eru á skrá í II. viðauka,

g) „fjármögnun eða fjárhagsaðstoð“: sérhver aðgerð einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar, óháð þeirri aðferð sem valin er, með eða án skilyrða, sem miðar að því að greiða eða skuldbinda sig til að greiða af eigin fjármunum eða efnahagslegum auði, þ.m.t. styrkir, lán, ábyrgðir, ábyrgðarskuldbindingar, skuldabréf, bankaábyrgðir, lán frá seljanda, lán til kaupanda, fyrirframgreiðslur vegna inn- eða útflutnings og allar tegundir váttrygginga og endurtrygginga, þ.m.t. greiðsluváttryggingar vegna útflutnings; greiðsla, ásamt skilmálum og skilyrðum fyrir greiðslu umsamins verðs fyrir vöru eða þjónustu, í samræmi við eðlilega viðskiptahætti, telst ekki vera fjármögnun eða fjárhagsaðstoð,

h) „yfirráðasvæði Sambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn um Evrópusambandið gildir um, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.“

3) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Lagt er bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, vara og tækni á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins <sup>(4)</sup> („sameiginlegi hergagnalistinn“), auk skotvopna, hluta þeirra og nauðsynlegra íhluta, og skotfæra eins og skilgreint er í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 <sup>(5)</sup>, hvort sem framangreint á uppruna í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Zimbabwe eða til notkunar þar í landi“.

2. Lagt er bann við því:

a) að veita, selja, útvega eða tilfæra, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð sem tengist herstarfsemi eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þá hluti, sem um getur í 1. mgr., til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Zimbabwe eða til notkunar þar í landi,

b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist herstarfsemi eða vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings á þeim hlutum er um getur í 1. mgr., til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Zimbabwe eða til notkunar þar í landi,

c) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif, beint eða óbeint, að greiða fyrir þeim viðskiptum er um getur í a- eða b-lið.

4) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

Lagt er bann við því:

a) að selja, afhenda, flytja til eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, vitandi vits og af ásetningi, búnað sem nota má til bælingar innanlands og er á skrá í I. viðauka, hvort sem hann er upprunninn í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Zimbabwe eða til notkunar þar í landi,

b) að veita, selja, útvega eða tilfæra, með beinum eða óbeinum hætti, tæknilega aðstoð sem tengist búnaðinum sem um getur í a-lið, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Zimbabwe eða til notkunar þar í landi,

c) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármögnun eða fjárhagsaðstoð sem tengist búnaðinum sem um getur í a-lið, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Zimbabwe eða til notkunar þar í landi,

d) að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif, beint eða óbeint, að greiða fyrir þeim viðskiptum er um getur í a-, b- eða c-lið.“

5) Í stað 1. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 2. og 3. gr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum, sem eru á skrá í II. viðauka, heimilað:

a) sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning á og veitingu fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar og tækniástoðar í tengslum við:

i. óbanvænan herbúnað sem einungis er ætlaður í mannúðar- eða verndarskyni eða vegna áætlana um stofnanauppbyggingu á vegum Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna,

ii. hergögn sem eru ætluð til notkunar í hættustjórnunaraðgerðum Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna,

b) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning á búnaði sem er á skrá í I. viðauka og einungis er ætlaður í mannúðar- eða verndarskyni og veitingu fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar og tækniástoðar í tengslum við þessi viðskipti.“

6) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

Ákvæði 2. og 3. gr. gilda ekki um hlífðarfatnað, þ.m.t. skotheld vesti og herhjálma, sem starfsfólk Sameinuðu þjóðanna, starfsfólk Evrópusambandsins eða aðildarríkja þess, fulltrúar fjölmiðla og starfsmenn hjálpar- og þróunarstofnana og tengt starfsfólk hefur flutt tímabundið út til Zimbabwe eingöngu til eigin nota.“

7) Ákvæði 6. gr., 7. gr. og 7. gr. a falla brott.

8) Í stað a-liðar 1. mgr. 8. gr. kemur eftirfarandi:

„a) beina, án tafar, öllum upplýsingum, sem myndu greiða fyrir því að unnt sé að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar, til lögbærra stjórnvalda í þeim aðildarríkjum sem skráð eru í II. viðauka þar sem þeir eða þær hafa heimilisfesti eða eru staðsettir eða staðsettar, eða þar sem þeir eða þær hafa ríkisfang, og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina þessara lögbæru stjórnvalda.“

9) Ákvæði 9. gr. falla brott.

10) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar er varða:

a) heimildir sem veittar eru samkvæmt undanþágunum sem eru settar fram í þessari reglugerð og

b) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.“

11) Eftirfarandi greinar bætast við:

*„10. gr. a*

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem eru á skrá í II. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru á skrá í II. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar á samskiptaupplýsingum þessara lögbæru stjórnvalda.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt þessari reglugerð, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þær sem gefnar eru upp í II. viðauka.

*10. gr. b*

Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.“

12) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

*11. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta II. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.“

13) Ákvæði 11. gr. a falla brott.

14) Í stað 12. gr. kemur eftirfarandi:

*12. gr.*

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög, eftir því sem við á, við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera kleift að að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær reglur, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar á þessum reglum.“

15) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

*13. gr.*

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yfirráðasvæði Sambandsins,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yfirráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis, og
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.“

16) Í stað fyrirsagnar II. viðauka kemur eftirfarandi:

„Vefsetur með upplýsingum um lögbær stjórnvöld um getur í 4. og 8. gr. og heimilisfang fyrir tilkynningar til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins“.

17) Ákvæði III. viðauka falla brott.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2026.

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti*

M. KERAVNOS

(1) Stjtið. ESB L, 2026/383, 18.2.2026, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/383/oj>.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 314/2004 frá 19. febrúar 2004 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe (Stjtið. ESB L 55, 24.2.2004, bls. 1, ELI: <https://data.europa.eu/eli/reg/2004/314/oj>).

(3) Ákvörðun ráðsins 2011/101/SSUÖ frá 15. febrúar 2011 um þvingunaraðgerðir með tilliti til ástandsins í Zimbabwe (Stjtið. ESB L 42, 16.2.2011, bls. 6, ELI: [https://data.europa.eu/eli/dec/2011/101\(1\)/oj](https://data.europa.eu/eli/dec/2011/101(1)/oj)).

(4) Síðasta útgáfa er birt í Stjtið. ESB C, C/2025/1499, 6.3.2025, ELI: <https://data.europa.eu/eli/C/2025/1499/oj>.

(5) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 258/2012 frá 14. mars 2012 um framkvæmd 10. gr. bókunar Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri framleiðslu á og verslun með skotvopn, hluta þeirra, íhluti og skotfæri, sem er viðbót við samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi (bókun SP um skotvopn), og um að koma á útflutningsleyfum og innflutnings- og umflutningsráðstöfunum vegna skotvopna, hluta þeirra, íhluta og skotfæra (Stjtið. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2012/258/oj>).“